

Nd.

714. Nefndarálit

[238. mál]

um frv. til höfundalaga.

Frá menntamálanefnd.

Íslendingar búa við höfundalög frá árinu 1905, ein hin elztu í heimi. Hafa þau tekið litlum breytingum, enda þótt þróun þessara mála erlendis hafi verið ör. Er þetta varla samboðið listelskri bókmenntaþjóð.

Frv. þetta hefur verið til umræðu og endurskoðunar rúman áratug. Með lögfestingu þess mundi höfundaréttarmálum komið í nútímahorf á Íslandi, svo að nálgast það, sem ríkir í næstu löndum. Réttur höfunda mundi aukast nokkuð og verða betur tryggður en áður, margvísleg ákvæði samræmd aðstæðum samtíðarinnar, og loks yrði flytjendum tryggður réttur til þóknunar í fyrsta sinn.

Meginástæða þess, að frv. hefur ekki náð fram að ganga fyrr, hefur verið ótti Ríkisútvarpsins við stóraukin útgjöld vegna mikillar notkunar þess á hljómplötum. Af þessum sökum er farinn í frv. sá meðalvegur að veita aðeins íslenskum flytjendum rétt til þóknunar, en erlendum ekki fyrst um sinn. Hefur þannig náðst samkomulag þeirra aðila, sem málið snertif mest, en höfundar og flytjendur mæla að sjálfsögðu með samþykkt frv.

Í lagabálki sem þessum eru að sjálfsögðu mörg atriði, stór og smá, sem skoðanir kunna að vera skiptar um. Menntamálanefnd telur þó meira virði að tryggja framgang frv. en að stofna til deilna um einstök atriði þess og mælir einróma með samþykkt þess án breytinga.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru tveir nefndarmenn (GunnG og IG).

Alþingi, 8. maí 1972.

Bjarni Guðnason,
form.

Svava Jakobsdóttir,
fundaskr.

Benedikt Gröndal,
frsm.

Ellert B. Schram.

Eysteinn Jónsson.